

Nd.

### **219. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Nefnd sú, er háttv. n. d. vísaði frumv. þessu til, hefir nú athugað málið og leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt á því á þessa leið.

Út af umræðum þeim, sem um málið urðu við fyrstu umræðu þess í deildinni, ritaði nefndin formanni læknadeildar háskólans, Guðmundi prófessor

Magnússyni, og spurðist fyrir um það, hvort nokkur vankvæði mundu að hans áliti á því, að læknadeildin bætti við sig kennslu í ljósmóðurfræði og hvort það mundi þurfa að hafa í för með sjer aukningu kenlukrafta í deildinni eða aukin útgjöld til hennar úr landssjóði, og þá hve mikil.

Svar prófessorsins er svo hljóðandi:

Hin háttvirta nefnd, sem neðri deild alþingis hefir kosið í yfirsetukvennaskólamálinu, hefir brjeflega leitað álits míns um það, hvort nokkur vandkvæði sjeu á því, að læknadeild háskólans bæti á sig kenlu í ljósmóðurfræði.

Jeg skal hjer með láta álit mitt uppi, og jafnframt geta þess, að það ber að skoða sem mína eigin skoðun eingöngu, með því að ekki er helmingur deildarkennaranna í bænum, svo að ekki er tækifæri til að bera þetta mál undir deildina.

Jeg get vel fallist á þá skoðun, sem brjef nefndarinnar getur um, að komið hafi fram í neðri deild, að eðlilegast væri, að háskólinn hefði þessa kenlu með höndum, og svo er það t. d. við Kaupmannahafnar háskóla, og sennilegt þykir mér, að svo verði einnig hjer á landi fyrr eða síðar. En eins og kenlukröftum er nú varið við læknadeildina, sje jeg ekki að nokkur vegur sje til þess að bæta á hana þessari kenlu, án þess að auka þá. Jeg álit að kenlu sje nú ofhlaðið á hina föstu kennara 2 (prófessorana), því að hvor þeirra um sig kennir 3 vísindagreinar; annar (undirritaður) kennir það sem ætlað er 5 *kennurum* við Kaupmannahafnarháskóla, hinn það sem 3 er ætlað þar. Jeg hygg þetta, sem að minni vitund á sjer ekki stað við neinn annan háskóla, nægi til að sýna að ekki geti komið til mála að bæta á þessa menn; en annar þeirra kennir yfirsetufræði, og sá hinn sami mundi að sjálfsgöðu kenna ljósmæðrum, ef læknadeildin tæki þá kenlu að sjer.

Öðru máli væri að gegna, ef aukið væri við kenlukraftana á þann hátt að bæta við einum kennara, annaðhvort prófessor eða dósent. Hann mundi taka að sjer að kenna 2 vísindagreinar, og kendi þá hver hinna föstu kennara jafnmargar — tvær, í stað þriggja. Það yrði raunar meira en víðast tíðkast við háskóla, en með því móti álit jeg þó að læknadeildin gæti tekið að sjer að kenna ljósmæðrum, að öðrum kosti ekki. Jeg skal geta þess, að jeg skil ekki, að hjá því verði komist til lengdar að auka kenlukrafta við læknadeildina, hvernig svo sem Alþingi nú skipar fyrir um kenluna í ljósmóðurfræði.

Jeg þarf ekki að taka fram, hvern kostnaðarauka þetta úrræði, sem jeg hefi bent á, mundi hafa í för með sjer, því nefndinni er kunnugt um, hver laun eru ætluð prófessorum og dósentum við háskólann.

G. Magnússon  
p. t. deildarforseti.

Til  
nefndar neðri deildar Alþingis í yfirsetukvennaskólamálinu.

Þar sem netndin sá sjer ekki fært eins og hagar landssjóðsins er nú — að leggja það til, að fjölgað yrði kennurum í læknadeild háskólans, varð hún að hverfa frá þeirri hugsun, að kenla yfirsetukvenna færi þar fram.

En úr því að kenla yfirsetukvenna verður egi í bráð lögð til háskólans,

fær nefndin ekki betur sjeð, en að stofnun sjerstaks yfirsetukvennaskóla hjer í Reykjavík sje óumflýjanleg. Landlæknir er ekki að lögum ákyldur að hafa á hendi kenslu yfirsetukvenna, og hefir hann lýst því afdráttarlaust yfir við nefndina, að hann vilji ekki hafa slíka kenslu á hendi framvegis, nema skólinn verði stofnaður. Hins vegar mun stofnun skólans leiða til þess, að miklu verður auðveldara að fá efnilegar konur og stúlkur til að læra ljósmóðurfræði, og það — í sambandi við bætt kjör yfirsetukvenna yfirleitt — gerir það að verkum, að ætíð mun nóg af hæfum yfirsetukonum, svo umdæmin þurfa eigi að standa laus, og menn vera í standandi vandræðum eins og nú á sjer stað.

Þá fær nefndin heldur eigi sjeð, að laun þau, sem landlækni eru ætluð fyrir hið vandasama og þýðingarmikla starf að kenna yfirsetukonum landsins, sjeu of hátt sett í frumvarpinu, þegar litið er t. a. m. til þess, hverja borgun aukakennararnir í læknadeild háskólans í augnasjúkdómum, tannsjúkdómum og sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi fá fyrir starfa sinn, sem hvorki er meiri nje þýðingarmeiri en starfi sá, sem landlækni er hjer ætlaður.

Af framan greindum ástæðum ræður því nefndin hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson.  
form. og framsögum.

Jón Jónsson.

Eggert Pálsson.  
skrifari.

Halldór Steinsson.

Ólafur Briem.